




beurer


FT-5y8 eyrna-hitamælir

Leiðbeiningar




1. Hetta
2. Nemi
3. START takki
4. Aðalrofi
5. Rafhlöðuhólf

1. Hamur fyrir herbergishita
2. Herbergishiti, klukka/dagsetning
3. AM/FM – tími dags
4. Rafhlöðutákn
5. Hamur fyrir minni
6. Tákn fyrir engan hita
7. Hitatákn Celcius/Fahrenheit
8. Tákn fyrir hita
9. Hitastig
10. Hamur fyrir hita á hlutum
11. Tákn fyrir hettu
12. Hamur fyrir líkamshita



Mælirinn tekinn í notkun


Rafhlöður fylgja með mælinum. Opnið lokið yfir rafhlöðunum og tugið í strimilinn þannig að rafhlöðurnar nái sambandi við málm, og við það fer mælirinn sjálfkrafa í gang.




Klukkan og dagsetningin

Byrjið á að stilla klukkuna og dagsetninguna áður en byrjað er að nota mælirinn.

Haldið aðalrofanum inni í ca 30 sekúndur og þá kemur 24H á skjáinn



Með Start takkanum veljið þú hvort þið viljið nota 12 eða 24 stunda kerfi og staðfestið það með aðalrofanum.



Á skjáinn kemur nú klukkutíminn. Með Start hnappnum veljið þið nú réttan klukkutíma og staðfestið síðan með aðalrofanum,

Þá koma mínúturnar á skjáinn og þar farið þið eins að og veljið mínúturnar með Start hnappnum og staðfestið með aðalrofanum

Næst kemur ártalið á skjáinn. Veljið rétt ártal með Start takkanum og staðfestið með aðalrofanum.

Þá blikkar talan fyrir mánuðinn og þar farið þið eins að. Með Start takkanum veljið þið mánuðinn og staðfestið síðan með aðalrofanum.


Að lokum blikkar dagsetningin og hana stillið þið eins og áður með Start takkanum og staðfestið með aðalrofanum.

Hvort viljið þið nota Celcius (°C) eða Fahrenheit (°F)

Þegar slökkt er á tækinu haldið þið START takkanum inni í 3 sekúndur og á skjáinn kemmur °C. Nú getið þið valið hvort þið viljið nota Celcius eða Fahrenheit mælikvarða og staðfestið valið síðan með aðalrofanum.

Mæling á líkamshita

- Það eru til aðilar sem sýna mismunandi líkamshita í vinstra og hægri eyra. Mælið því líkamshita ávallt í sama eyra.
- Ekki má nota eyrnarmælinn á yngri börn en 6 mánaða.
- Ekki má nota eyrnarmælinn ef viðkomandi er með sýkingar í eyra eða með gat á hljóðhimnu.
- Eingöngu má nota eyrnarmælinn með hettu utan um nemann.
- Mikill eyrnarmergur getur haft áhrif á mælinguna.




Setjið hettu utan um nemann á mælinum.

Kveikið á mælinum með aðalrofanum og þá heyrast þrjú smáhljóð og um leið kviknar á skjánum.

Þar sem eyrnargöngin eru aðeins bogin er betra að toga eyrað aðeins aftur og upp áður en nemanum er ýtt inn, svo að neminn komist að hljóðhimnunni

Þrýstið nemanum varlega inn í eyrað og ýtið á START hnappinn til að byrja mælingu.




Eftir um það bil eina sekúndu heyrir hljóðmerki og niðurstaða mælingarinnar birtist á skjánum. Ýtið á aðalrofann til að slökkva á mælinum.

ATH: Ef þið hafið ekki ýtt á neinn takka innan við mínútu, þá slekkur mælirinn sjálfkrafa á sér.

Vísbending um hita: Ef mældur hiti er minni en 38°C (100.4 °F) kemur broskarl á skjáinn og um leið heyrir hljóðmerki.

Ef hitinn er á milli 37,5 og 37.9 °C. heyrast aukalega tvö hljóðmerki sem tákna hækkandi hita. Ef hitinn er hærri en 38 °C (100,4 °F) kemur sorglegur broskarl á skjáinn og á eftir fylgja samhangandi hljóðmerki, - eitt stutt, eitt langt og þrjú stutt.

Mælingar í minni




Setjið tvær nýjar 1,5V rafhlöður teg. AAA og kveikið á aðalrofanum.

Haldið aðalrofnum inni í 3 sekúndur. Á skjáinn kemur **M** og síðasta mæling verður sýnd á skjánum.

Til að fletta á milli síðustu mælinga ýtið þið á aðalrofann og þá koma allar eldri mælingar og númer þeirra á skjáinn. Ef þið viljið halda áfram og mæla ýtið þið á START takkann.

Að lokum ýtið þið svo á aðalrofann í 3 sekúndur til að slökkva á mælinum.



Skipt um rafhlöður

Skiptið um rafhlöður um leið og þið sjáið þetta rafhlöðutákn á skjánum.

Rennið lokinu yfir rafhlöðuhólfinu niður á við og fjarlægjið rafhlöðurnar.

Setjið tvær nýjar rafhlöður 1,5V af tegund AAA í mælinn.

Hreinsun og geymsla







Hettur á nemand er eingöngu til nota einu sinni.

Neminn sjálfur er viðkvæmasti hluti mælisins og farið því varlega þegar þið hreinsið hann. Notið t.d. eyrnarpinna og vætið baðmullarhnoðrann aðeins

með spritti eða volgu vatni.

Ef mælirinn er geymdur í langan tíma er best að fjarlægja rafhlöðurnar úr hólfinu.

Hvað segja Villuskilaboðin

	Orsök	Lausn
	Mælirinn er ekki tilbúinn til notkunar	Aðeins hægt að nota mælinn þegar tákn er komið á skjáinn.
	Mælieining ekki innan þess sem tækið ræður við 10 - 40 °C	Notið tækið aðeins innan þeirra marka
	Mælirinn er ekki rétt settur í eyrað	Lesið kaflann um mælingu
	Mælirinn sýnir mikla breytingu á hita	Látið mælinn vera í 30 mín. í herbergishita
	Mælirinn vinnur ekki rétt	Skiptið um rafhlöður og reynið á ný.
	Þið eruð að mæla herbergishita og eruð enn með hettuna á nemanum	Hettan má ekki vera á nemanum þegar þið mælið herbergishita.
	Eyrnarmæling sýnir mældan hita vera meiri en 43 °C.	Fullvissið ykkur um að mæling hafi verið rétt framkvæmd og hettan sé rétt á nemanum.
	Eyrnarmæling sýnir mældan hita vera lægri en 28 °C.	Fullvissið ykkur um að mæling hafi verið rétt framkvæmd og hettan sé rétt á nemanum.
	Rafhlöðurnar eru tómar	Skiptið um rafhlöður

Umboðsaðili Beurer á Íslandi

PFAFF hf, Grensásvegi 13

108 Reykjavík, s: 414-0400

www.pfaff.is